

# Væntingar og þarfir einstaklinga í húsnæðisvanda

VEL2019010008

Markmið rannsóknarinnar var að kanna væntingar og þarfir einstaklinga á biðlista eftir félagslegu húsnæði eða annars konar búsetuúrræði í Reykjavík. Rannsóknin náði jafnframt til væntinga þeirra sem eru skilgreindir utangarðs.

Tölfræði af biðlistum eftir félagslegu húsnæði í Reykjavík var rýnd en einnig voru tekin einstaklingsviðtöl í neyðarskýlum borgarinnar og haldnir þrír rýnihópafundir; einstaklingar yngri en 35 ára, eldri en 35 ára og fjölskyldur með börn 18 ára og yngri á framfæri.

„Ef ég fæ húsnæði minnkar  
óttinn og kvíðinn“  
Viðmælandi í Konukoti

„Óskín er öruggt húsnæði í  
einhvern tíma á meðan maður er  
að vinna sig upp úr þeim vanda  
sem maður er í. Til að geta klárað  
nám. Hef verið í ströggli, er í  
Grettistaki, hef verið að vinna tvær  
vinnur, og ég veit að ég þarf að  
einbeita mér að náminu. Get ekki  
verið að vinna með því“  
Karl í rýnihóp 35 ára og eldri

„Ég sé þjónustu  
velferðarsviðs sem  
tímabundna þjónustu og  
aðstoð til að koma lífinu  
mínu aftur á rétta braut“  
Karl í rýnihóp 35 ára og yngri

## Væntingar viðmælenda úr rýnihópunum

- Fyrst og fremst **öruggt og heilbrigt** húsnæði.
- Mikilvægt að búa í **blönduðu hverfi/húsnæði**; þ.e. blöndu félagslegra íbúða og almennra íbúða.
- **Engan linoleum-dúk** á gólfum. Félagslegar íbúðir þekkjast á dúknum og innréttingunum.
- **Stærð íbúðar** skiptir ekki máli þar sem allt sé betra en staðan í dag.
- **Tímabundið húsnæði**. Viðmælendur geta hugsað sér að flytja í tímabundið húsnæði, svo lengi sem varanlegt húsnæði með viðráðanlegri leigu er í farvatninu. Nokkrir viðmælendur sögðust geta hugsað sér að leigja tímabundið með öðrum í svipaðri stöðu og þeir.
- **Staðsetning íbúðar**. Barnafjölskyldurnar sögðust ekki afpakka íbúð sem væri í öðru hverfi en þær byggju í. Óskastaðan væri samt að vera áfram í sama hverfinu, barnanna vegna. Sumir vildu gjarnan vera miðsvæðis í Reykjavík þar sem þeir fara fótgangandi allar sínar leiðir og þar sem tengslanet þeirra og félagsleg virkni er í miðbænum.

## Væntingar viðmælenda í Konukoti og Gistiskýlinu

- **Sjálfstæð búseta**. 13 af 14 viðmælendum í Konukoti og Gistiskýlinu vilja komast í sjálfstæða búsetu.
- **Öruggt og viðunandi húsnæði**. Viðmælendur töldu sig þurfa stuðning í búsetu og einnig að húsnæði væri tryggt í kjölfar búsetu á áfangameimili.
- **Staðsetning**. Búseta fjarri einstaklingum með áfengis- og/eða annan vímuefnavanda, búseta í miðbæ Reykjavíkur; sérstaklega þegar viðkomandi er í virkri neyslu, búseta fjarri miðbæ Reykjavíkur; vegna ágangs annarra sem eru í neyslu.

„Hver dagur án húsnæðis  
er glataður dagur án  
barnanna minna“  
Viðmælandi í Konukoti

„Það þarf ekki alltaf allt að  
keyra í klessu til að manni sé  
hjálpað. Ekki refsa mér fyrir að  
vera edrú. Svo er „ókey, ert þú  
farin að vinna“ – og maður er  
alveg: er það slæmt? Á ég að  
fela það?“  
Kona í rýnihóp barnafjölskyldna

„Maður lifir ekki á voninni. Maður  
er að verða það gamall; óöryggið  
er að fara mjög illa í mann. Þegar  
þú ert hættur að hafa væntingar  
um að fá íbúð og þú lifir bara í  
voninni; þá ertu í mjög slæmum  
andlegum málum. Vegna þess að  
vonin um að fá ekki neitt er  
hrikaleg. Og þegar það er búið að  
bregðast manni fram og til baka  
þá verður maður hvekkur. Og  
jafnvel reiður“.  
Karl í rýnihóp 35 ára og eldri

„Það að vera hjá mömmu sinni  
þýðir ekki endilega að maður  
sé í öruggu húsnæði“  
Kona í rýnihóp barnafjölskyldna

## Tölfræði - biðlistar

- **944 einstaklingar** á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði í Reykjavík (1. sept. 2018). Af þeim voru 50,3% **karlar** og 49,7% **konur**.
- 57% einstaklinga á biðlistanum **39 ára og yngri**.
- 89,7% eru með **Íslenskt ríkisfang**.
- 62% **sjúklingar/öryrkjar**.
- 70% **ógift**.
- 26% með **börn á framfæri**: Af þeim eru 3,5% **karla**.
- 47,5% leigja **íbúð/herbergi á almennum leigumarkaði**, 25% búa hjá **foreldrum/ættingjum/vinum**, 16% **húsnæðislausir** og 6,5% á **stofnunum/stuðningsheimilum/sambýlum**.
- 70% bíða eftir **eins til tveggja herbergja íbúð**.

## Viðtöl í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar

- **14 viðmælendur**. Í Gistiskýlinu og Konukoti var rætt við sex konur og átta karlmenn. Fimm voru af erlendum uppruna. 12 viðmælendur gistu í neyðarskýlunum vegna heimilisleysis en þeir höfðu verið heimilislausir frá allt að fjórum mánuðum upp í 15 ár. Auk þess að hafa gist í neyðarskýlunum sögðust þeir hafa gist í bílum sínum, á áfangaheimili og hjá vinum og ættingjum.
- **Hafa notið aðstoðar**. Allir viðmælendur, að einum undanskildum, höfðu leitað sér aðstoðar hjá félagsþjónustunni vegna aðstöðu sinnar. Einnig höfðu þeir notið aðstoðar VOR- teymis velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Rúmur helmingur viðmælenda töldu sig þurfa á aðstoð að halda vegna m.a. áfengis- og/eða annars vímuefnavanda og geðræns vanda.
- **Á biðlista**. Allir viðmælendur í Konukoti og fjórir af átta viðmælendum í Gistiskýlinu sögðust vera á biðlista eftir félagslegu húsnæði/smáhýsi í sínu bæjarfélagi.

## Rýnihópar með notendum

- **18 viðmælendur**. Alls mættu 10 konur og átta karlmenn í rýnihópafundina þrjá. Sex manns bjuggu inni á vinum eða ættingjum, tíu leigðu herbergi eða íbúð á almennum leigumarkaði og tveir viðmælendur bjuggu á stofnun.
- **Margvíslegar aðstæður**: ekki alltaf viðunandi fyrir börn, framtíð óljós vegna sölu á húsnæði, án barnanna sinna vegna óviðunandi húsnæðisaðstöðu, búið inn á kærasta af „illri nauðsyn“ og sofið á sófa inni í stofu hjá ættingjum.
- **Leigumarkaðurinn óstöðugur**. Þeir sem leigðu herbergi eða íbúð á almennum leigumarkaði töluðu um óstöðuleika, óíbúðarhæft húsnæði og of háa leigu.
- **Áhrif þess að vera ekki í tryggu húsnæði**: slæm áhrif á börnin, tíðir flutningar erfiðir andlega og fjárhagslega og óöryggi og streituvaldur að flakka á milli vina og ættingja.

